

Ár 2024, 25. júní kl. 10:00 kom landskjörstjórn saman á fundi í Þjóðminjasafni Íslands til að úrskurða um gildi ágreiningsseðla og lýsa úrslitum forsetakjörs sem fram fór þann 1. júní sl.

Fyrir var tekið að úrskurða um 59 ágreiningsseðla úr Reykjavíkurlkjördæmi suður og kveðinn upp svofelldur

úrskurður nr. 16/2024:

I.

Ágreiningsseðlarnir bárust landskjörstjórn frá yfirkjörstjórn Reykjavíkurlkjördæmis suður þann 5. júní sl. Um ágreining er að ræða milli umboðsmanna og yfirkjörstjórnar Reykjavíkurlkjördæmis suður og eru atkvæðin því send landskjörstjórn til úrskurðar, sbr. 3. mgr. 99. gr. og 1. mgr. 120. gr. kosningalaga nr. 112/2021.

Af 59 ágreiningsseðlum eru 58 þeirra kjörfundaratkvæði og eitt utankjörfundaratkvæði, atkvæði skráð nr. 59.

a. *Atkvæði skráð nr. 1.*

Um er að ræða einn kjörseðil þar sem nafn frambjóðanda hefur verið skrifað á bakhlið seðilsins en síðan strikað yfir það og merkt í fering fyrir framan nafn sama frambjóðanda. Umboðsmaður taldi atkvæði ógilt þar sem það hafi verið auðkennt. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið gilt þar sem vilji kjósenda væri skýr og ágalli varði ekki ógildi sbr. 1. mgr. 105. gr. kosningalaga.

b. *Atkvæði skráð nr. 2-12.*

Um er að ræða 11 kjörseðla þar sem eitt nafn frambjóðanda er skrifað á bakhlið hvers seðils. Á tveimur þeirra er einnig merkt X við nafn frambjóðandans á framhlið seðilsins. Umboðsmenn töldu atkvæðin gild, vilji kjósenda væri skýr og auðkenning með þeim hætti að ekki væri ástæða til ógildingar atkvæðis. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðin ógild og vísaði til úrskurðar Alþingis 2013.I.3.B.

c. *Atkvæði skráð nr. 13-24.*

Um er að ræða 12 kjörseðla þar sem á seðlunum eru merkingar eða orð við nöfn frambjóðenda. Umboðsmenn töldu atkvæðin vera gild, vilji kjósenda væri skýr og auðkenning með þeim hætti að ekki væri ástæða til að telja atkvæðin ógild. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðin ógild með vísan til þess að þau hafi verið auðkennd, en slíkt sé í andstöðu við kosningalög.

d. *Atkvæði skráð nr. 25-36.*

Um er að ræða 12 kjörseðla þar sem strikað er yfir nafn eða nöfn frambjóðenda á kjörseðli en auk þess merkt X í fering fyrir framan nafn annars frambjóðanda. Umboðsmenn töldu atkvæðin vera gild, vilji kjósenda væri skýr og auðkenning með þeim hætti að ekki væri ástæða til að telja atkvæðin ógild. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðin ógild með vísan til þess að ekki sé leyfilegt samkvæmt kosningalögum að strika yfir nöfn frambjóðenda á kjörseðli.

e. *Atkvæði skráð nr. 37.*

Um er að ræða einn kjörseðil þar sem nafn frambjóðanda hefur verið skrifað á bakhlið seðils en síðan strikað yfir það og merkt í ferning fyrir framan nafn sama frambjóðanda. Umboðsmaður taldi atkvæði ógilt þar sem það hafi verið auðkennt. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið gilt þar sem vilji kjósenda væri skýr og ágalli varði ekki ógildi sbr. 1. mgr. 105. gr. kosningalaga.

f. *Atkvæði skráð nr. 38-40.*

Um er að ræða þrjá kjörseðla þar sem eitt nafn frambjóðanda er skrifað á bakhlið hvers seðils. Umboðsmenn töldu atkvæðin vera gild, vilji kjósenda væri skýr og auðkenning með þeim hætti að ekki væri ástæða til ógildingar atkvæðis. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðin ógild og vísaði til úrskurðar Alþingis 2013.I.3.B.

g. *Atkvæði skráð nr. 41-53.*

Um er að ræða 13 kjörseðla þar sem seðlarnir eru auðkenndir með merkingum eða orðum. Umboðsmenn töldu atkvæðin gild, vilji kjósenda væri skýr og auðkenning með þeim hætti að ekki væri ástæða til ógildingar atkvæðanna. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðin ógild með vísan til þess að þau hafi verið auðkennd, en slíkt sé í andstöðu við kosningalög.

h. *Atkvæði skráð nr. 54-58.*

Um er að ræða fimm kjörseðla þar sem strikað er yfir nafn eða nöfn frambjóðenda á kjörseðli en auk þess merkt X í ferning fyrir framan nafn annars frambjóðanda. Umboðsmenn töldu atkvæðin vera gild, vilji kjósenda væri skýr og auðkenning með þeim hætti að ekki væri ástæða til ógildingar atkvæðanna. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðin ógild með vísan til þess að ekki sé leyfilegt samkvæmt kosningalögum að strika yfir nöfn frambjóðenda á kjörseðli.

i. *Atkvæði skráð nr. 59.*

Um er að ræða einn utankjörfundarseðil þar sem á seðilinn hefur verið skrifað „ég kys“ og síðan nafn frambjóðanda. Umboðsmenn töldu atkvæðið vera gilt, vilji kjósenda væri skýr og auðkenning með þeim hætti að ekki væri ástæða til ógildingar atkvæðis. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt með vísan til kosningalaga og úrskurða Alþingis þar sem seðilinn hefði verið auðkenndur.

II

Landskjörstjórn hefur farið yfir gögn málsins og eru niðurstöður eftirfarandi:

a. *Atkvæði skráð nr. 1.*

Landskjörstjórn telur ótvírætt að vilji kjósenda sé skýr og staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til röksemda hennar.

b. *Atkvæði skráð nr. 2-12.*

Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til röksemda hennar.

c. *Atkvæði skráð nr. 13-24.*

Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til röksemda hennar.

d. *Atkvæði skráð nr. 25-36.*

Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til röksemda hennar og ítrekar að yfirstrikun á nöfnum frambjóðenda er hvorki í samræmi við 1. mgr. 86. og 1. mgr. 87. gr. né d. lið 102. gr. kosningalaga.

e. *Atkvæði skráð nr. 37.*

Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til röksemda hennar.

f. *Atkvæði skráð nr. 38-40.*

Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til röksemda hennar.

g. *Atkvæði skráð nr. 41-53.*

Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til röksemda hennar og ítrekar að ekki er merkt við nafn neins frambjóðanda.

h. *Atkvæði skráð nr. 54-58.*

Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til röksemda hennar og ítrekar að yfirstrikun á nöfnum frambjóðenda er hvorki í samræmi við 1. mgr. 86. og 1. mgr. 87. gr. né d.lið 102. gr. kosningalaga.

i. *Atkvæði skráð nr. 59.*

Landskjörstjórn fellst ekki á þá niðurstöðu yfirkjörstjórnar að með því að skrifa „ég kýs“ og síðan nafn frambjóðandans Höllu Tómasdóttur á utankjörfundarseðilinn hafi kjósandi auðkennt kjörseðilinn. Auðkenningin nær til þess að auðkenna frambjóðandann en ekki kjósandann og verður því ekki fallist á að skilyrði ákvæðis c. liðar 103. gr. kosningalaga sé uppfyllt, þ.e. að kjósandi hafi af ásettu ráði gert kjörseðilinn auðkennanlegan. Atkvæði skráð nr. 59 skal því meta gilt atkvæði greitt Höllu Tómasdóttur.

ÚRSKURÐARORÐ

Ákvörðun yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar um gildi ágreiningsatkvæðis skráð nr. 1 er staðfest.

Ákvörðun yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar um gildi ágreiningsatkvæða skráð nr. 2-12 er staðfest.

Ákvörðun yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar um gildi ágreiningsatkvæða skráð nr. 13-24 er staðfest.

Ákvörðun yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar um gildi ágreiningsatkvæða skráð nr. 25-36 er staðfest.

Ákvörðun yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar um gildi ágreiningsatkvæðis skráð nr. 37 er staðfest.

Ákvörðun yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar um gildi ágreiningsatkvæða skráð nr. 38-40 er staðfest.

Ákvörðun yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar um gildi ágreiningsatkvæða skráð nr. 41-53 er staðfest.

Ákvörðun yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar um gildi ágreiningsatkvæða skráð nr. 54-58 er staðfest.

Ákvörðun yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar um gildi ágreiningsatkvæðis skráð nr. 59 er felld úr gildi og atkvæðið úrskurðað gilt og greitt Höllu Tómasdóttur.

Landskjörstjórn

Kristín Edwald formaður (sign.)

Arnar Kristinsson (sign.)

Ebba Schram (sign.)

Hulda Katrín Stefánsdóttir (sign.)

Magnús Karel Hannesson (sign.)